

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2009

frá 25. september 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 frá 29. maí 2009 ⁽²⁾ var reglugerð (EB) nr. 300/2008 ⁽³⁾ felld inn í samninginn og reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ⁽⁴⁾ felld brott.
- 3) Rétt er að láta reglugerð (EB) nr. 2320/2002 gilda áfram sem hluta af samningnum fram að gildistökudegi síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
- 4) Af þeim sökum ber að fella reglugerð (EB) nr. 2320/2002 inn í samninginn að nýju með sértæku aðlögunarákvæði.
- 5) Fella ber reglugerð (EB) nr. 2320/2002 úr samningnum þannig að sú breyting komi til framkvæmda gildistökudag síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
- 6) Með vísan til reglugerðar (EB) nr. 300/2008 ber að bæta við aðlögunarákvæði um viljayfirlýsingu um eftirlit með öryggismálum sem samið kann að verða um við Alþjóðaflugmálastofnunina.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008) hljóði svo:
 - i) Staflíðir b), c) og d) í aðlögunarákvæðunum verði endurtölusettir sem staflíðir c), d) og e).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽⁴⁾ Stjtið. **EB** L 355, 30.12.2002, bls. 1.

ii) Eftirfarandi staflíður bætist við á eftir staflíð a) í aðlögunarákvæðunum:

„b) Ákvæði 8. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

Komi til þess að framkvæmdastjórnin semji við Alþjóðaflugmálastofnunina um viljayfirlýsingu um eftirlit með öryggismálum á grundvelli 8. gr. munu EFTA-ríkin leitast við að semja við stofnunina um viljayfirlýsingu sem samsvarar yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar.“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66ha (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 272/2009):

„66hb. **32002 R 2320**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi (Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1) eins og henni var breytt með:

– **32004 R 0849**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu ekki gilda um innanlandsflug milli flugvalla á íslensku yfirráðasvæði.
- b) Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki gilda um aðstöðu til almenningssflugs sem nú er fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins.
- c) Reglugerð þessi gildir fram að gildistökudegi síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

2. Allur texti liðar 66hb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) falli brott gildistökudag síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 frá 29. maí 2009, hvort sem ber upp síðar.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

O.H. Sletnes
formaður.